



Héraðsnefnd Árnesinga bs.

35. fundur haldinn í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 14. október 2025

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnesinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Fer hann yfir lögmæti fundarins, alls eru 23 fulltrúar mættir og úrskurðast fundurinn lögmætur. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson formaður fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 30. frá 22. apríl, nr. 31 frá 3. júní, nr. 32 frá 19. ágúst, nr. 33 frá 15. september, nr. 34 frá 7. október, ásamt 34. fundargerð héraðsnefndar frá 28. apríl. Eru fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga

Á vofundi Héraðsnefndar 2025 var samþykkt að afgreiðslum á samþykktum fyrir söfnin yrði vísað til síðari umræðu en að haldinn yrði vinnufundur til að leggja lokahönd á samþykktirnar ásamt því að fá yfirlstur frá þeim aðilum sem við á. Samþykktirnar yrðu lagðar fram til staðfestingar á næsta haustfundi Héraðsnefndar.

Haldinn var vinnufundur í júní og í framhaldi voru samþykktirnar sendar til Innviðaráðuneytis og til Safnaráðs til yfirlstrar.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur kemur inn á fundinn og fer yfir samþykktir fyrir Lista-, Byggða- og Héraðsskjalasafn Árnesinga sem liggja fyrir fundinum og svarar fyrirspurnum ásamt formanni.

Til máls taka auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson og Árni Eiríksson.

1) Tillaga að samþykktum fyrir Listasafnið lögð fram til afgreiðslu.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna samþykktar fyrir Listasafn Árnesinga:

Lögð er fram tillaga að samþykktum fyrir Listasafn Árnesinga bs. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður hjá Lögmonnum Suðurlandi hefur unnið að uppfærslu samþykktanna um nokkurt skeið og kemur inn á fundinn til þess að kynna breytingarnar. Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar frá Innviðaráðuneyti. Ein athugasemd barst frá Safnaráði og var brugðist við þeirri athugasemd með því að bæta inn í ákvæði 1.2 eftirfarandi texta: „Safnið skal ekki rekið í hagnaðarskyni og skilyrt er að arður af starfsemi safnsins skal ganga til safnsins sjálfs.“ Safnaráð hefur samþykkt að auglýsa samþykktirnar í Stjórnartíðindum með framangreindri viðbót.

Fundarmenn ræða um tillöguna um breytingar á samþykktunum. Borin er upp tillaga um að bætt verði inn í samþykktirnar að ef atkvæði falla á jöfnu á aðalfundi eða aukaadalfundi að þá falli tillaga. Þá er borin upp tillaga um að breyta orðalagi í ákvæði 4.1 og í stað þess að nefna fundarmenn í ákvæðinu að frekar verði notað fulltrúar aðildarsveitarfélaga með atkvæðisrétt.

Tillagan með þeim breytingum sem Safnaráð lagði til og þeim breytingum sem aðalfundur lagði til og tilgreindar eru hér að framan. Tillagan er borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða.

Stjórn Listasafns Árnesinga bs. heldur umboði sínu þrátt fyrir breytingu á samþykktum enda eru engar efnislegar breytingar ákvæðum um kosningu eða starfsemi stjórnar.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar er falið að tilkynna aðildarsveitarfélögum um samþykki nýrra samþykktar fyrir Listasafn Árnesinga bs. Aðildarsveitarfélögunum ber að taka nýjar samþykktir fyrir í sveitarstjórnnum og skulu þau hafa um málið tvær umræður og greiða um það atkvæði. Fundargerðir allra aðildarsveitarfélaganna skulu sendar framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að tveimur umræðum loknum. Að fengnu samþykki allra aðildarsveitarfélaga á nýjum samþykktum er Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögmanni falið að tilkynna um nýjar samþykktir til fyrirtækjaskrár Skattsins og sjá um að skráning á félagaformi verði leiðrétt. Þá er henni falið að hafa samskipti við Safnaráð, Innviðaráðuneyti og Stjórnartíðindi vegna birtingar á nýjum samþykktum í B-deild Stjórnartíðinda.

2) Tillaga að samþykktum fyrir Byggðasafnið lögð fram til afgreiðslu.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna samþykktar fyrir Byggðasafn Árnesinga:

Lögð er fram tillaga að samþykktum fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður hjá Lögmonnum Suðurlandi hefur unnið að uppfærslu samþykktanna um nokkurt skeið og kemur inn á fundinn til þess að kynna breytingarnar. Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar frá Innviðaráðuneyti. Ein athugasemd barst frá Safnaráði og var brugðist við þeirri athugasemd með því að bæta inn í ákvæði 1.2 eftirfarandi texta: „Safnið skal ekki rekið í hagnaðarskyni og skilyrt er að arður af starfsemi safnsins skal ganga til safnsins sjálfs.“ Safnaráð hefur samþykkt að auglýsa samþykktirnar í Stjórnartíðindum með framangreindri viðbót. Tillaga að breytingu á samþykktunum barst einnig frá stjórn Byggðasafns Árnesinga, dags. 27. júní 2025. Tillagan liggur fyrir í fundargögnum en af hálfu framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar var ákveðið að tillaga stjórnar Byggðasafnsins færi ekki inn í tillögu að samþykktum sem liggur fyrir fundinum.

Fundarmenn ræða um tillöguna um breytingar á samþykktunum. Þá var einnig rædd breytingatillaga stjórnar Byggðasafns Árnesinga bs. en enginn fundarmaður leggur breytingatillögu stjórnar fram á fundinum. Borin er upp tillaga um að bætt verði inn í samþykktirnar að ef atkvæði falla á jöfnu á aðalfundi eða aukaaðalfundi að þá falli tillaga. Þá er borin upp tillaga um að breyta orðalagi í ákvæði 4.1 og í stað þess að nefna fundarmenn í ákvæðinu að frekar verði notað fulltrúar aðildarsveitarfélaga með atkvæðisrétt.

Tillagan með þeim breytingum sem Safnaráð lagði til og þeim breytingum sem aðalfundur lagði til og tilgreindar eru hér að framan. Tillagan er borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða.

Stjórn Byggðasafns Árnesinga bs. heldur umboði sínu þrátt fyrir breytingu á samþykktum enda eru engar efnislegar breytingar á ákvæðum um kosningu eða starfsemi stjórnar.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar er falið að tilkynna aðildarsveitarfélögum um samþykki nýrra samþykpta fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. Aðildarsveitarfélögunum ber að taka nýjar samþykktir fyrir í sveitarstjórnnum og skulu þau hafa um málið tvær umræður og greiða um það atkvæði. Fundargerðir allra aðildarsveitarfélaganna skulu sendar framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að tveimur umræðum loknum. Að fengnu samþykki allra aðildarsveitarfélaga á nýjum samþykktum er Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögmanni falið að tilkynna um nýjar samþykktir til fyrirtækjaskrár Skattsins og sjá um að skráning á félagaformi verði leiðrétt. Þá er henni falið að hafa samskipti við Safnaráð, Innviðaráðuneyti og Stjórnartíðindi vegna birtingar á nýjum samþykktum í B-deild Stjórnartíðinda.

3) Tillaga að samþykktum fyrir Héraðsskjalasafnið lögð fram til afgreiðslu.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna samþykpta fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga:

Lögð er fram tillaga að breyttum samþykktum fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður hjá Lögmonnum Suðurlandi hefur unnið að uppfærslu samþykktanna um nokkurt skeið og kemur inn á fundinn til þess að kynna breytingarnar. Engar athugasemdir bárust

vegna tillögunnar frá Innviðaráðuneyti og hefur ráðuneytið samþykkt að auglýsa samþykktirnar í Stjórnartíðindum eins og þær eru lagðar fyrir fundinn.

Fundarmenn ræða um tillöguna um breytingar á samþykktunum. Borin er upp tillaga um að bætt verði inn í samþykktirnar að ef atkvæði falla á jöfnu á aðalfundi eða aukaadalfundi að þá falli tillaga. Þá er borin upp tillaga um að breyta orðalagi í ákvæði 4.1 og í stað þess að nefna fundarmenn í ákvæðinu að frekar verði notað fulltrúar aðildarsveitarfélaga með atkvæðarétt.

Tillagan með framangreindum breytingum er borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða.

Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga bs. heldur umboði sínu þrátt fyrir breytingu á samþykktum enda eru engar efnislegar breytingar á ákvæðum um kosningu eða starfsemi stjórnar.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar er falið að tilkynna aðildarsveitarfélögum um samþykki nýrra samþykta fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. Aðildarsveitarfélögunum ber að taka nýjar samþykktir fyrir hjá sveitarstjórnnum og skulu þau hafa um málið tvær umræður og greiða um það atkvæði. Fundargerðir allra aðildarsveitarfélaganna skulu sendar framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að tveimur umræðum loknum. Að fengnu samþykki allra aðildarsveitarfélaga á nýjum samþykktum er Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögmanni falið að tilkynna um nýjar samþykktir til fyrirtækjaskrár Skattsins og sjá um að skráning á félagaformi verði leiðrétt. Þá er henni falið að hafa samskipti við Innviðaráðuneyti og Stjórnartíðindi vegna birtingar á nýjum samþykktum í B-deild Stjórnartíðinda.

4) Hlutverk Héraðsnefndar Árnesinga

Formaður ræðir um hlutverk Héraðsnefndar Árnesinga og fer yfir eignir hennar sem eru víðs vegar um sýsluna. Fara þarf vel yfir eignastöðu og kanna vel kvaðir sem eru á mörgum af eignum Héraðsnefndar Árnesinga.

Helgi leggur fram eftirfarandi tillögu um hlutverk Héraðsnefndar:

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn í Árnesi 14. október 2025 samþykkir að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga að koma með tillögu að framtíðarhlutverki Héraðsnefndar og hvernig skuli farið með utanumhald á eignum Héraðsnefndar. Tillagan verði lögð fram eigi síðar en á vorfundi Héraðsnefndar 2026.

Framkvæmdastjórn hefur heimild til að kaupa sérfræðiaðstoð vegna þessarar vinnu.

Til máls tekur auk formanns Kjartan Björnsson.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Byggðasafn Árnesinga

Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga kemur inn á fundinn.

1) Fundargerðir stjórnar Byggðasafnsins lagðar fram til kynningar.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 17 frá 25. júní, nr. 18 frá 8. september og nr. 19 frá 29. september, eru þær lagðar fram til kynningar.

2) Fjárhagsáætlun ársins 2026

Lýður fer yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2026.

3) Ársskýrsla 2024

Lýður ræðir um að aðsókn á safnið sé svipuð eins og undanfarin ár og að rekstur safnsins sé í jafnvægi.

Sýningin í borðstofu Hússins Yfir beljandi fljót fjallar um samgöngur í Árnæssýslu fyrir gerð brúa og vega og hefur sýningin fengið góðar viðtökur. Á vordögum tók safnið formlega á móti fornbifreiðinni ÁR-67 sem er vörubíll, Ford árgerð 1930. Haldnir voru sellótónleikar í stásstofu safnsins. Í ágúst var minningarbekkur vígður í garðinum við Húsið til minningar um vesturfara frá Eyrarbakka. Við það tilefni komu bæði íslenskir og erlendir aðilar í safnið.

Haldin var þjóðbúningahátíð í byrjum október og var hún vel sótt og vel heppnuð.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn á Selfossi og voru um 160 aðilar sem sóttu viðburðinn og var farið víða m.a. í Húsið og á safn Einars Elíassonar á Flugvellinum á Selfossi.

Mikið og öflugt innra starf er í safninu, unnið er að skráningu á munum, móttaka og afhending á gjöfum er mikil en það er lítill tími til skrá ný aðföng. Einnig er talsvert um samtal við heimafolk, sem Lýður telur mikilvægt.

Lýður fer yfir rekstraráætlun safnsins fyrir árið 2026. Unnið er í samræmi við stofnskrá og heildarstefnu safnsins. Opnunartími verður óbreyttur. Áætlað er að fara í endurbætur á grunnsýningu safnsins og verður bláa stofan tekin fyrir ásamt Sjóminjasafni.

Markviss markaðssetning er í gangi. Unnið er að því að gera safnið fyrir alla og verður m.a. skipt um inngöngupall fyrir framan húsið. Einnig vill hann eiga meira samtal við eigendur safnanna. Breytingar verða á skráningu á bókhaldi fyrir safnið en Grímsnes- og Grafningshreppur mun hætta með bókhaldið, unnið er að því að finna nýja aðila í verkið.

Fjöldi viðburða eru fram undan í safninu og hvetur hann fundarmenn og aðra til að fylgjast vel með þeim.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson og Fjóla St. Kristinsdóttir.

5. Héraðsskjalasafn Árnesinga

Þorsteinn Tryggvi Másson, safnstjóri Héraðsskjalasafns Árnesinga, kemur inn á fundinn. Er hann með sýnishorn af seðlasafni Helga Ívarssonar og lætur hann möppu ganga milli fundarmanna.

1) Fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafnsins lagðar fram til kynningar.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 6. október er lögð fram til kynningar.

2) Fjárhagsáætlun ársins 2026

Þorsteinn fer yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2026.

3) Ársskýrsla 2024

Þorsteinn fer yfir ársskýrslu fyrir árið 2024. Fjöldi fyrirspurna og erinda hafa aldrei verið fleiri en einnig er mikið um ráðgjöf starfsfólks vegna skjalahalds og vörslu sveitarfélaga og stofnanna þeirra. Safnið tekur við skjölum afhendingarskyldra aðila og tryggir að skjölin séu skráð og þau séu aðgengileg. Fer hann yfir 10 ára tímabil og sýnir aukninguna á fyrirspurnum og erindum, árið 2015 voru um 180 fyrirspurnir frá opinberum aðilum en voru tæplega 520 árið 2024, einnig fer hann yfir skiptingu á tegundum fyrirspurna. Sveitarfélögin eru alltaf meira og meira að nýta safnið enda er sérþekking starfmanna á safnagögnum góð.

Sveitarfélögin eru farin að undirbúa afhendingu á rafrænu gagnasafni. Nú eru Sveitarfélagið Ölfus, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Árborg komin með heimild til rafrænna skila og hefur hluti af skilum farið fram í Ölfusi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. En heilmikið ferli fer í gang við slík skil. Einnig er samtal í gangi við Hveragerði, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp um rafræn skil.

Héraðsskjalasafnið verður 40 ára í desember og er fyrirhugað að vera með opið hús í nýja húsnæðinu á Flúðum sem nú er unnið við að klára. Von er á hillum á næstu dögum og þegar þær verða uppsettar verður farið í að flytja gögn í húsnæðið.

Fundarstjóri gefur orðið laust enginn tekur til máls.

6. Listasafn Árnesinga

Kristín Scheving, safnstjóri Listasafns Árnesinga, kemur inn á fundinn.

1) Fundargerðir stjórnar Listasafnsins lagðar fram til kynningar.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 29. september er lögð fram til kynningar.

2) Ársskýrsla 2024

17 sýningar voru haldnar í Listasafninu á síðasta ári. Bæði eru sýningar í sölum safnsins en einnig á rafrænu formi á heimasíðunni. Það eru gríðarlega margir sem sækja á opnanir á sýningum á safninu eða um 1000 manns. Safnið hefur áunnið sér gott orðspor og er að fá góðar umræður og

kynningu. Gestir safnsins á ári hverju eru um 20 þúsund en mikil aukning hefur orðið á undanförnum árum. Listamenn eru áhugasamir að vera með sýningar og viðburði í safninu. Einnig hafa listamenn og gestakennarar nú þann möguleika að koma og vinna í safninu og gista í Varmahlíð í boði Hveragerðisbæjar. Er þessi möguleiki frábær viðbót við allt sem er í gangi í listasafninu. Starfsnemar sækjast einnig í að koma og vinna í safninu og hafa þeir verið styrktir af Erasmus+.

Sýningar í safninu eru settar upp á vori og hausti. Meðal viðburða sem hafa verið í safninu eru pólskur menningardagur, einkasýning Sigurðar Guðjónssonar og sýningin Lífrænar hringrásir, þar voru notaðar afurðir úr heimabyggð. Franskur hópur lista- og vísindamanna kom og setti upp sýninguna Volox ásamt mörgum öðrum frábærum sýningum. Nánari upplýsingar um sýningar má sjá á heimasíðu safnsins.

Það erum um þrjátíu aðilar sem koma að hverri sýningarlotu enda er margt sem þarf að skoða og framkvæma þegar sýning er sett upp. Aðilar koma úr fjölbreyttum áttum, rafvirkjar, yfirlesarar, smiðir svo eitthvað sé nefnt.

Farið var í breytingar á húsnæði safnsins sem hafa tekist vel. Fyrirhugað er að fara í lagfæringar á þaki á komandi ári en það er orðið brýnt að fara í þær framkvæmdir en fyrir liggur að kostnaður verður allnokkur en gert er ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun.

Fræðslustarf hefur verið mikið á árinu og hefur m.a. verið unnið með unglingum og einnig ungmenningaráðum. Ýmsar smiðjur, t.d. fjölskyldusmiðjur, hafa verið haldnar og tekist vel.

Safnið fékk Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar 2024 og ber að fagna því. Einnig hefur safnið fengið veglega styrki. Góð sala hefur verið í safnabúðinni.

Segir Kristín frá samkomulagi milli listasafnsins og Sveitarfélagsins Árborgar en nýlega voru sett upp í Ráðhúsi Árborgar 20 listaverk eftir listamanninn Jakob Veigar Sigurðsson sem eru fengin að láni frá safninu til tveggja ára. Kristín hvetur sveitarfélögin til að vera í sambandi við sig ef vilji er fyrir slíku samkomulagi á fleiri stöðum.

3) Húsnæði Listasafnsins – viðhaldsmál

Kristín ræddi um fyrirhugaðar viðgerðir á þaki fyrr á fundinum.

4) Fjárhagsáætlun ársins 2026

Kristín fer yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2026.

Til máls taka auk formanns Jón Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir og Haraldur Þór Jónsson.

7. Almannaþingarnefnd Árnessýslu

Bragi Bjarnason, formaður almannaþingarnefndar Árnessýslu tekur til máls.

1) Fundargerðir stjórnar almannaþinganna lagðar fram til kynningar.

Engar fundargerðir eru lagðar fram en einn fundur var haldinn um fjárhagsáætlun ársins.

2) Fjárhagsáætlun ársins 2026

Bragi fer yfir fjárhagsáætlun Almanna- og borgarstjórnar Árnesháls fyrir árið 2026.

Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Sveinn Ægir Birgisson.

8. Afgreiðsla fjárhagsáætlana stofnana Héraðsnefndar 2026

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

- Listasafn Árnesinga

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Byggðasafn Árnesinga

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Héraðsskjalasafn Árnesinga

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Almanna- og borgarstjórn Árnesinga

Fjárhagsáætlun Almanna- og borgarstjórnar Árnesinga 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson, Jón Bjarnason, Bragi Bjarnason og Fjóla St. Kristinsdóttir.

Aðalfundur Héraðsnefndar Árnesinga 14. október 2025 felur stjórn Almanna- og borgarstjórnar Árnesinga að taka til umræðu og kanna hver staðan er hjá hverju sveitarfélagi á viðbragðsáætlunum. Einnig verði skoðað hvert sé hlutverk og ábyrgð starfsmanns nefndarinnar og lagt til kynningar eigi síðar en á vörfundum 2026.

9. Héraðsnefnd Árnesinga - fjárhagsáætlun 2026

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður tekur til máls og fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2026					
Lögd fram til samþykktar á haustfundi 14. október 2025					
	Áætlun 2025	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2026	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
Tekjur :					
Framlög sveitarfélaga	272.900.000		336.150.000		23,18%
Tekið af sjóði v/endorgr. frá Framkvæmdasýslu vegna FSU láns hér að neðan					
Samtals framlög sveitarfélaga	272.900.000		336.150.000		23,18%
Gjöld :					
Byggðasafn Árneseinga	90.800.000	33,3%	93.300.000	27,8%	2,75%
Héraðsskjalasafn Árneseinga	62.750.000	23,0%	62.000.000	18,4%	-1,20%
Listasafn Árneseinga	60.000.000	22,0%	62.500.000	18,6%	4,17%
Listasafn Árneseinga v/pakviðgerða	0	0,0%	60.000.000	17,8%	
Stjórnun, annað og ófyrirséð	17.000.000	6,2%	16.000.000	4,8%	-5,88%
Lánasjóður Sveitarfélaga - afborgun v/FSU lán	34.500.000	12,6%	34.500.000	10,3%	0,00%
FSU vegna FabLab	6.000.000	2,2%	6.000.000	1,8%	0,00%
Fastir styrkir	1.850.000	0,7%	1.850.000	0,6%	0,00%
Samtals gjöld	272.900.000	100,0%	336.150.000	100,0%	23,18%
Sundurliðun - fastir styrkir					
HSK	1.250.000	67,6%	1.250.000	67,6%	0%
SSK	300.000	16,2%	300.000	16,2%	0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	300.000	16,2%	300.000	16,2%	0%
Samtals	1.850.000	100,0%	1.850.000	100,0%	0%

	2025		2026		Breyting á milli ára
Tónlistarskóli Árneseinga - launaliður	360.724.000		439.949.000		21,96%
Samtals	360.724.000		439.949.000		21,96%
Almannavarnir Árnessýslu	7.815.000		7.705.000		-1,41%
Samtals	7.815.000		7.705.000		-1,41%
Brunavarnir Árnessýslu	573.212.000		676.778.000		18,07%
Samtals	573.212.000		676.778.000		18,07%

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnessýslu 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Almannavarnanefnd Árnessýslu

Grímur Hergeirsson og Björn Ingi Jónsson koma inn á fundinn og fara yfir störf almannavarna.

Björn fer yfir forsögu þess að starfsmaður var ráðinn fyrir almannavarnanefnd Árnessýslu og Lögregluna á Suðurlandi.

Starf Björns felst í að halda utan um skipulag almannavarnamála, gerð viðbragðsáætlana sem þarf að endurskoða á 4 ára fresti, áhættugreina, áhættuskoðun. Einnig kemur hann að skipulagi íbúafunda o.fl.

Fyrir liggur að það þarf að klára 16 viðbragðsáætlanir og eru nú þegar þrjár þeirra tilbúnar og hafa verið samþykktar. Viðbragðsáætlanir um stjórnskipulag aðgerðarstjórna og atvikaáætlun vegna hópslysa hefur verið samþykkt í sveitarstjórnnum. Fer hann yfir samspil áætlana og hvernig staðan er á vinnu við áætlanir. Unnið er að áætlun um gróðurelda og er það gert í samvinnu við slökkviliðsstjóra. Einnig er komin af stað vinna um jarðskjálftaáætlun fyrir Suðurland. Unnið er að áhættumati ef til þess kemur að eldsumbrot færist frá Reykjanesi og yfir á okkar svæði.

Einnig er unnið að auknu áhættuþoli vegna fjölþættra ógnana, s.s. netárása, aðstæðna í heiminum, skemmdarverka, hryðjuverkaógn og skipulagðrar brotastarfsemi. Óvinaveitt ríki geta nýtt sér veikleika í vestrænum samfélögum til að grafa undan stöðugleika og trausti almennings til stofnanna.

Á friðartímum gleymist oft að hugsa um almannavarnir en það er mikilvægt að halda þessu efni á lofti, vera í samstarfi við sveitarfélög, skipulagsaðila, halda fundi með viðbragðsaðilum og íbúum. Hvetur hann sveitarstjórnarmenn að vera í samtali við sig.

Björn og Grímur svara fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Árni Eiríksson, Jón Bjarnason, Fjóla St. Kristinsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Brynhildur Jónsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Pétur Markan (gestur fundarins).

Fundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn 14. október óskar eftir að farið verði yfir hvort að almannavarnaáætlanir fyrir sveitarfélögin séu endurskoðaðar og yfirfarar reglulega.

Fundi Héraðsnefndar slitið kl. 13:40.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Alexsandra Rós Jóhannesdóttir, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði

Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður

Rósa Sif Jónsdóttir, ritar